**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/731** **2024/EES/25/33**

**frá 3. apríl 2023**

**um samræmda eftirlitsáætlun Sambandsins til margra ára fyrir árin 2024, 2025 og 2026 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi varnarefnaleifa og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/741** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum 2. mgr. 29. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1213/2008 ([2]) var komið á fót fyrstu samræmdu áætlun Bandalagsins til margra ára og náði hún yfir árin 2009, 2010 og 2011. Áætluninni hefur verið haldið áfram með síðari reglugerðum og sú nýjasta er framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/741 ([3]).

2) Þrjátíu til fjörutíu vörur eru uppistaðan í mataræði fólks í Sambandinu. Þar eð notkun varnarefna breytist umtalsvert á þriggja ára tímabili þarf að vakta varnarefnin í þessum vörum í röð þriggja ára tímabila svo unnt sé að meta váhrifin sem neytendur verða fyrir og beitingu löggjafar Sambandsins.

3) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) lagði fram vísindaskýrslu um mat á sniði vöktunaráætlunarinnar fyrir varnarefni ([4]). Hún komst að þeirri niðurstöðu að með því að velja 683 úrtakseiningar fyrir a.m.k. 32 mismunandi vörur væri unnt að meta þegar farið er meira en 1% yfir hámarksgildi leifa með 0,75% skekkjumörkum. Deila ætti söfnun þessara sýna niður á aðildarríkin í tengslum við íbúafjölda og taka að lágmarki 12 sýni á hverja vöru á hverju ári.

4) Tekið er mið af greiningarniðurstöðum úr fyrri opinberum eftirlitsáætlunum Sambandsins til að tryggja að þau varnarefni sem falla undir eftirlitsáætlunina séu dæmigerð fyrir varnarefnin sem eru notuð.

5) Viðmiðunarreglur varðandi „aðferðir við gæðaeftirlit og fullgildingu við greiningu varnarefnaleifa í matvælum og fóðri“ eru birtar á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar ([5]).

6) Ef skilgreining á leifum varnarefnis nær yfir önnur virk efni, umbrotsefni og/eða niðurbrotsefni eða myndefni, ætti að greina sérstaklega frá þeim efnasamböndum svo fremi sem þau séu mæld hvert fyrir sig ([6]).

---

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 95, 4.4.2023, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1213/2008 frá 5. desember 2008 um samræmda eftirlitsáætlun Bandalagsins til margra ára fyrir árin 2009, 2010 og 2011 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 328, 6.12.2008, bls. 9).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/741 frá 13. maí 2022 um samræmda eftirlitsáætlun Sambandsins til margra ára fyrir árin 2023, 2024 og 2025 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi varnarefnaleifa og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 137, 16.5.2022, bls. 12).

([4]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Pesticide monitoring program: design assessment.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(2), 4005.

([5]) Skjal SANTE/11312/2021

([6]) SANCO/12574/2014, Working Document on the summing up of LOQs in case of complex residue definitions.

7) Aðildarríkin, framkvæmdastjórnin og Matvælaöryggisstofnunin hafa samþykkt framkvæmdarleiðir, s.s. staðlaða sýnalýsingu, 2. útgáfa, og viðmiðunarreglur um skýrslugjöf varðandi vöktun íðefna við afhendingu niðurstaðna úr varnarefnaleifagreiningu, að því er varðar afhendingu upplýsinga frá aðildarríkjunum.

8) Að því er varðar sýnatökuaðferðir ætti tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/63/EB ([7]), sem nær yfir sýnatökuaðferðir og verklagsreglur sem Alþjóðamatvælaskrárráðið mælir með, að gilda.

9) Nauðsynlegt er að meta hvort þau hámarksgildi leifa í matvælum fyrir ungbörn og smábörn, sem kveðið er á um í 4. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar 2016/127 ([8]), 3. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/128 ([9]) og 7. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/125/EB ([10]), séu uppfyllt, að teknu tilliti til einungis þeirra skilgreininga á leifum sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 396/2005.

10) Að því er varðar aðferðir til að greina hverja efnaleif fyrir sig ættu aðildarríkin að geta sinnt skyldu sinni varðandi greiningu með því að leita til opinberra rannsóknarstofa sem búa þegar yfir þeim fullgiltu aðferðum sem krafist er.

11) Aðildarríkin ættu að leggja fram, eigi síðar en 31. ágúst ár hvert, upplýsingar sem varða fyrra almanaksár.

12) Til þess að komast hjá ruglingi vegna skörunar samfelldra áætlana til margra ára ætti að fella framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/741 úr gildi. Þó ætti hún að gilda áfram um sýni sem prófuð eru árið 2023.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Aðildarríkin ([11]) skulu, á árunum 2024, 2025 og 2026, taka og greina sýni úr samsetningum af varnarefnum og vörum eins og sett er fram í I. viðauka.

Fjöldi sýna sem skal taka úr hverri vöru og greina skal vera eins og sett er fram í II. viðauka.

---

([7]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/63/EB frá 11. júlí 2002 um sýnatökuaðferðir innan Bandalagsins við opinbert eftirlit með leifum varnarefna í og á vörum úr jurta- og dýraríkinu og niðurfellingu á tilskipun 79/700/EBE (Stjtíð. EB L 187, 16.7.2002, bls. 30).

([8]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/127 frá 25. september 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 að því er varðar sértækar samsetningar- og upplýsingakröfur fyrir ungbarnablöndur og stoðblöndur og að því er varðar kröfur um upplýsingar sem varða ungbarna- og smábarnafæði (Stjtíð. ESB L 25, 2.2.2016, bls. 1.).

([9]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/128 frá 25. september 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 að því er varðar sértækar samsetningar- og upplýsingakröfur fyrir matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi (Stjtíð. ESB L 25, 2.2.2016, bls. 30).

([10]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/125/EB frá 5. desember 2006 um unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat fyrir ungbörn og smábörn (Stjtíð. ESB L 339, 6.12.2006, bls. 16).

([11]) Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 24. lið 2. viðauka við þá bókun, innihalda vísanir til aðildarríkja, að því er þessa reglugerð varðar, Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland.

*2. gr.*

1. Framleiðslueiningin, sem á að taka sýni úr, skal valin af handahófi.

Sýnatökuaðferðin og fjöldi eininga skulu vera í samræmi við tilskipun 2002/63/EB.

2. Öll sýni, þ.m.t. úr matvælum sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum og vörum sem eru upprunnar úr lífrænum búskap, skal greina með tilliti til varnarefna, sem um getur í I. viðauka við þessa reglugerð, í samræmi við skilgreiningar á leifum sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 396/2005.

3. Að því er varðar matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum skal meta sýni úr vörum, sem eru tilbúnar til neyslu eða endurgerðar samkvæmt fyrirmælum framleiðenda, með tilliti til hámarksgilda leifa sem eru sett fram í tilskipun 2006/125/EB og framseldu reglugerðunum (ESB) 2016/127 og (ESB) 2016/128. Þegar neyta má slíkra matvæla bæði eins og þau eru seld eða endurgerð skal greina frá niðurstöðum greininga á vörunni eins og hún er seld.

*3. gr.*

Aðildarríkin skulu leggja fram niðurstöður greininga á sýnum, sem hafa verið prófuð 2024, 2025 og 2026, eigi síðar en 31. ágúst 2025, 2026 og 2027, eftir því sem við á, á rafrænu skýrslusniði sem Matvælaöryggisstofnunin setur fram.

Ef skilgreining á leifum varnarefnis nær yfir fleiri en eitt efnasamband (virkt efni og/eða umbrotsefni eða niðurbrotsefni eða myndefni) skulu aðildarríkin gefa skýrslu um niðurstöður greininga í samræmi við tæmandi skilgreiningu á leifum. Skila skal niðurstöðum um öll greiniefni, sem eru hluti af skilgreiningu á leifum, hverjum fyrir sig svo fremi sem þau séu mæld hvert fyrir sig.

*4. gr.*

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/741 er felld úr gildi.

Þó skal hún gilda áfram til 1. september 2024 um sýni sem prófuð eru árið 2023.

*5. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2024.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. apríl 2023.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*I. VIÐAUKI*

A-HLUTI

**Afurðir ([1]) úr jurtaríkinu ([2]) sem á að taka sýni úr 2024, 2025 og 2026**

| 2024 | 2025 | 2026 |
|---|---|---|
| b) | c) | a) |
| (0151010) Vínber til neyslu ([1]) | (0130010) Epli ([1]) | (0110020) Appelsínur ([1]) |
| (0163020) Bananar ([1]) | (0152000) Jarðarber ([1]) | (0130020) Perur ([1]) |
| (0110010) Greipaldin ([1]) | (0140030) Ferskjur, þ.m.t. nektarínur og áþekkir blendingar ([1]) | (0162010) Kíví ([1]) |
| (0231030) Eggaldin ([1]) | Vín (rautt eða hvítt) úr (0151020) vínþrúgum (ef engir sérstakir vinnslustuðlar fyrir vín eru fyrir hendi er aðildarríkjum skylt að tilkynna um vinnslustuðla fyrir vín sem eru notaðir). | (0241020) Blómkál ([1]) |
| (0241010) Spergilkál ([1]) | (0251020) Salat ([1]) | (0220020) Laukar ([1]) |
| (0233010) Melónur ([1]) | (0242020) Höfuðkál ([1]) | (0213020) Gulrætur ([1]) |
| (0280010) Ræktaðir sveppir ([1]) | (0231010) Tómatar ([1]) | (0211000) Kartöflur ([1]) |
| (0231020) Paprikur ([1]) | (0252010) Spínat ([1]) | (0300010) Baunir (þurrkaðar) ([1]) |
| (0500090) Hveitikorn ([2]) | (0500050) Hafrakorn ([2]), ([3]) | (0500070) Rúgkorn ([2]) |
| Jómfrúarólífuolía úr (0402010) ólífum til olíuframleiðslu (ef enginn sérstakur vinnslustuðull fyrir olíu er fyrir hendi er aðildarríkjum skylt að tilkynna um vinnslustuðla sem eru notaðir). | (0500010) Byggkorn ([2]), ([4]) | (0500060) Brún hrísgrjón (afhýdd hrísgrjón), skilgreind sem hrísgrjón eftir að hýðið hefur verið fjarlægt af hýðishrísgrjónum ([5]) |

([1]) Greina skal óunnar afurðir. Ef um er að ræða sýnatöku úr frystum afurðum skal tilkynna um vinnslustuðul, ef við á.

([2]) Ef ekki eru næg sýni úr rúg-, hveiti-, hafra- eða byggkorni til staðar er einnig hægt að greina rúg-, hveiti-, hafra- eða byggmjöl úr heilu korni og tilkynna skal um vinnslustuðul.

([3]) Ef ekki eru næg sýni úr hafrakorni til staðar er hægt að bæta við þeim hluta af nauðsynlegum sýnafjölda fyrir hafrakorn, sem var ekki hægt að taka, við sýnafjölda fyrir byggkorn sem leiðir til færri sýna fyrir hafrakorn og hlutfallslega aukins sýnafjölda fyrir byggkorn.

([4]) Ef ekki eru næg sýni úr byggkorni til staðar er hægt að bæta þeim hluta af nauðsynlegum sýnafjölda fyrir byggkorn, sem var ekki hægt að taka, við sýnafjölda fyrir hafrakorn sem leiðir til færri sýna fyrir byggkorn og hlutfallslega aukins sýnafjölda fyrir hafrakorn.

([5]) Einnig er hægt að greina slípuð hrísgrjón, eftir því sem við á. Tilkynna skal hvort farið hafi fram greining á slípuðum eða afhýddum hrísgrjónum. Ef greining var gerð á slípuðum hrísgrjónum skal tilkynna um vinnslustuðul.

---

([1]) Vörukóðar skv. 1. hluta I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 396/2005 (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1).

([2]) Þá hluta hrávaranna sem hámarksgildi leifa gilda um skal greina með tilliti til meginafurðar hóps eða undirhóps í A-hluta I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 396/2005, nema annað sé tekið fram.

B-HLUTI

**Afurðir ([3]) úr dýraríkinu ([4]) sem á að taka sýni úr 2024, 2025 og 2026**

| 2024 | 2025 | 2026 |
|---|---|---|
| d) | e) | f) |
| (1012020) Nautgripafita ([1]), ([1]) | (1020010) Kúamjólk ([2]) | (1016020) Alifuglafita ([1]), ([1]) |
| (1030010) Hænuegg ([1]), ([3]) | (1011020) Svínafita ([1]), ([1]) | (1012030) Nautgripalifur ([1]) |

([1]) Einnig má taka sýni úr kjöti samkvæmt töflu 3 í viðaukanum við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/63/EB (Stjtíð. EB L 187, 16.7.2002, bls. 30).
([2]) Greina skal ferska (óunna) mjólk, sem og frysta, gerilsneydda, hitameðhöndlaða, dauðhreinsaða eða síaða mjólk.
([3]) Greina skal heil skurnlaus egg.

C-HLUTI

**Samsetningar af varnarefnaleifum og vörum sem ber að greina í eða á vörum úr jurtaríkinu**

| | 2024 | 2025 | 2026 | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|
| 2,4-D | b) | c) | a) | Skal eingöngu greina í og á greipaldinum, vínberjum til neyslu, eggaldinum og spergilkáli árið 2024; í og á salati, spínati og tómötum árið 2025; í og á appelsínum, blómkáli, brúnum hrísgrjónum og þurrkuðum baunum árið 2026. |
| 2-fenýlfenól | b) | c) | a) | |
| Abamektín | b) | c) | a) | |
| Asefat | b) | c) | a) | |
| Asetamípríð | b) | c) | a) | |
| Aklónífen | | | a) | Skal eingöngu greina í og á gulrótum árið 2026. |
| Akrínatrín | b) | c) | a) | |
| Aldíkarb | b) | c) | a) | |
| Aldrín og díeldrín | b) | c) | a) | |
| Ametóktradín | b) | c) | a) | |
| Asínfosmetýl | b) | c) | a) | |
| Asoxýstróbín | b) | c) | a) | |
| Bífentrín | b) | c) | a) | |
| Bífenýl | b) | c) | a) | |
| Bítertanól | b) | c) | a) | |
| Boskalíð | b) | c) | a) | |
| Brómíðjón | b) | c) | a) | Skal eingöngu greina í og á paprikum árið 2024; í og á salati og tómötum árið 2025; í og á brúnum hrísgrjónum árið 2026. |

([3]) Vörukóðar skv. I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 396/2005 (Stjtíð. ESB L 70, 10.2.2009, bls. 1).
([4]) Þá hluta hrávaranna sem hámarksgildi leifa gilda um skal greina með tilliti til meginafurðar hóps eða undirhóps í A-hluta I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 396/2005, nema annað sé tekið fram.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Brómóprópýlat | b) | c) | a) | |
| Búpírímat | b) | c) | a) | |
| Búprófesín | b) | c) | a) | |
| Kaptan | b) | c) | a) | |
| Karbarýl | b) | c) | a) | |
| Karbendasím og benómýl | b) | c) | a) | |
| Karbófúran | b) | c) | a) | |
| Klórantranilípról | b) | c) | a) | |
| Klórfenapýr | b) | c) | a) | |
| Klórmekvat | b) | c) | a) | Skal eingöngu greina í og á eggaldinum, vínberjum til neyslu, ræktuðum sveppum og hveiti árið 2024; í og á tómötum, höfrum og byggi árið 2025; í og á gulrótum, perum, rúgi og brúnum hrísgrjónum árið 2026. |
| Klóróþalóníl | b) | c) | a) | |
| Klórprófam | b) | c) | a) | |
| Klórpýrifos | b) | c) | a) | |
| Klórpýrifosmetýl | b) | c) | a) | |
| Klófentesín | b) | c) | a) | |
| **Klópýralíð** | b) | c) | a) | |
| Klóþíanidín | b) | c) | a) | |
| **Koparefnasambönd** | b) | c) | a) | |
| Sýantranilípról | b) | c) | a) | |
| Sýasófamíð | b) | c) | a) | |
| Sýflúfenamíð | b) | c) | a) | |
| Sýflútrín | b) | c) | a) | |
| Sýmoxaníl | b) | c) | a) | |
| Sýpermetrín | b) | c) | a) | |
| Sýprókónasól | b) | c) | a) | |
| Sýpródiníl | b) | c) | a) | |
| Sýrómasín | b) | c) | a) | Skal eingöngu greina í og á eggaldinum, paprikum, melónum og ræktuðum sveppum árið 2024; í og á salati og tómötum árið 2025; í og á kartöflum, laukum og gulrótum árið 2026. |
| Deltametrín | b) | c) | a) | |
| Díasínón | b) | c) | a) | |
| Díklórvos | b) | c) | a) | |
| Díklóran | b) | c) | a) | |
| Díkófól | b) | c) | a) | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Díetófenkarb | b) | c) | a) | |
| Dífenókónasól | b) | c) | a) | |
| Díflúbensúrón | b) | c) | a) | |
| Dímetóat | b) | c) | a) | |
| Dímetómorf | b) | c) | a) | |
| Díníkónasól | b) | c) | a) | |
| Dífenýlamín | b) | c) | a) | |
| Díþíanón | b) | c) | a) | Skal eingöngu greina í og á vínberjum til neyslu árið 2024; í og á eplum og ferskjum árið 2025; í og á perum og brúnum hrísgrjónum árið 2026. |
| Díþíókarbamöt | b) | c) | a) | Skal greina í og á öllum vörum á skrá nema spergilkáli, blómkáli, höfuðkáli, ólífuolíu, víni og laukum. |
| Dódín | b) | c) | a) | |
| Emamektínbensóat B1a gefið upp sem emamektín | b) | c) | a) | |
| Endósúlfan | b) | c) | a) | |
| Epoxíkónasól | b) | c) | a) | |
| Etefón | b) | c) | a) | Skal eingöngu greina í og á paprikum, hveiti og vínberjum til neyslu árið 2024; í og á eplum, ferskjum, tómötum og víni árið 2025; í og á appelsínum og perum árið 2026. |
| Eþíón | b) | c) | a) | |
| Etirímól | b) | c) | a) | |
| Etófenprox | b) | c) | a) | |
| Etoxasól | b) | c) | a) | |
| Etýlenoxíð | b) | c) | a) | Skal eingöngu greina í og á hveiti árið 2024; í og á byggi og höfrum árið 2025; í og á baunum (þurrkuðum), rúgi og brúnum hrísgrjónum árið 2026. |
| Famoxadón | b) | c) | a) | |
| Fenamídón | b) | c) | a) | |
| Fenamífos | b) | c) | a) | |
| Fenarímól | b) | c) | a) | |
| Fenasakín | b) | c) | a) | |
| Fenbúkónasól | b) | c) | a) | |
| Fenbútatínoxíð | b) | c) | a) | Skal eingöngu greina í og á eggaldinum, greipaldinum, paprikum og vínberjum til neyslu árið 2024; í og á eplum, jarðarberjum, ferskjum, tómötum og víni árið 2025; í og á appelsínum og perum árið 2026. |
| Fenhexamíð | b) | c) | a) | |
| Fenítróþíón | b) | c) | a) | |
| Fenoxýkarb | b) | c) | a) | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Fenprópatrín | b) | c) | a) | |
| Fenprópidín | b) | c) | a) | |
| Fenprópímorf | b) | c) | a) | |
| Fenpýrasamín | b) | c) | a) | |
| Fenpýroxímat | b) | c) | a) | |
| Fenþíón | b) | c) | a) | |
| Fenvalerat | b) | c) | a) | |
| Fípróníl | b) | c) | a) | |
| Flóníkamíð | b) | c) | a) | |
| Flúasífóp-P | b) | c) | a) | Skal eingöngu greina í og á eggaldinum, spergilkáli, paprikum og hveiti árið 2024; í og á jarðarberjum, höfuðkáli, salati, spínati og tómötum árið 2025; í og á blómkáli, þurrkuðum baunum, kartöflum og gulrótum árið 2026. |
| Flúbendíamíð | b) | c) | a) | |
| Flúdíoxóníl | b) | c) | a) | |
| Flúfenoxúrón | b) | c) | a) | |
| Flúópíkólíð | b) | c) | a) | |
| Flúópýram | b) | c) | a) | |
| **Flúpýradífúrón** | b) | c) | a) | |
| Flúkinkónasól | b) | c) | a) | |
| Flúsílasól | b) | c) | a) | |
| Flútríafól | b) | c) | a) | |
| Flúxapýroxað | b) | c) | a) | |
| Fólpet | b) | c) | a) | |
| Formetanat | b) | c) | a) | |
| Fosetýl-Al | b) | c) | a) | |
| Fosþíasat | b) | c) | a) | |
| Glúfosínatammóníum | b) | c) | a) | |
| Glýfosat | b) | c) | a) | |
| Haloxýfóp, þ.m.t. haloxýfóp-P | b) | c) | a) | Skal eingöngu greina í og á spergilkáli, greipaldinum, paprikum og hveiti árið 2024; í og á jarðarberjum og höfuðkáli árið 2025, í og á þurrkuðum baunum árið 2026. |
| Hexakónasól | b) | c) | a) | |
| Hexýþíasox | b) | c) | a) | |
| Imasalíl | b) | c) | a) | |
| Imídaklópríð | b) | c) | a) | |
| Indoxakarb | b) | c) | a) | |
| Ípródíón | b) | c) | a) | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Ípróvalíkarb | b) | c) | a) | |
| Ísókarbófos | b) | c) | a) | |
| Ísópróþíólan | | | a) | Skal eingöngu greina í og á brúnum hrísgrjónum árið 2026. Ekki skal greina það í eða á neinni afurð 2024 og 2025. |
| Kresoxímmetýl | b) | c) | a) | |
| Lambda-sýhalótrín | b) | c) | a) | |
| Línúrón | b) | c) | a) | |
| Lúfenúrón | b) | c) | a) | |
| Malaþíón | b) | c) | a) | |
| Malínhýdrasíð | | | a) | Skal eingöngu greina í og á laukum og kartöflum árið 2026 |
| Mandípropamíð | b) | c) | a) | |
| Mepanípýrím | b) | c) | a) | |
| Mepíkvat | b) | c) | a) | Skal eingöngu greina í og á ræktuðum sveppum og hveiti árið 2024; í og á byggi og höfrum árið 2025; í og á perum, rúgi og brúnum hrísgrjónum árið 2026. |
| Metaflúmísón | b) | c) | a) | |
| Metalaxýl og metalaxýl-M | b) | c) | a) | |
| Metamídófos | b) | c) | a) | |
| Metíðaþíón | b) | c) | a) | |
| Metíókarb | b) | c) | a) | |
| Metómýl | b) | c) | a) | |
| Metoxýfenósíð | b) | c) | a) | |
| Metrafenón | b) | c) | a) | |
| Mónókrótófos | b) | c) | a) | |
| Mýklóbútaníl | b) | c) | a) | |
| **Nikótín** | b) | c) | a) | Skal eingöngu greina í og á vínberjum til neyslu árið 2024; í og á eplum, salati og tómötum árið 2025; í og á laukum og kartöflum árið 2026. |
| Ómetóat | b) | c) | a) | |
| Oxadixýl | b) | c) | a) | |
| Oxamýl | b) | c) | a) | |
| Oxýdemetónmetýl | b) | c) | a) | |
| Paklóbútrasól | b) | c) | a) | |
| Paraþíónmetýl | b) | c) | a) | |
| Penkónasól | b) | c) | a) | |
| Pensýkúrón | b) | c) | a) | |
| Pendímetalín | b) | c) | a) | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Permetrín | b) | c) | a) | |
| Fosmet | b) | c) | a) | |
| Pírimíkarb | b) | c) | a) | |
| Pírimífosmetýl | b) | c) | a) | |
| Próklóras | b) | c) | a) | |
| Prósýmídón | b) | c) | a) | |
| Prófenófos | b) | c) | a) | |
| Própamókarb | b) | c) | a) | Skal eingöngu greina í og á vínberjum til neyslu, melónum, eggaldinum, spergilkáli, paprikum og hveiti árið 2024; í og á jarðarberjum, höfuðkáli, spínati, salati, tómötum og byggi árið 2025; í og á gulrótum, blómkáli, laukum og kartöflum árið 2026. |
| Própargít | b) | c) | a) | |
| Própíkónasól | b) | c) | a) | |
| Própýsamíð | b) | c) | a) | |
| Prókínasíð | b) | c) | a) | |
| Prósúlfókarb | b) | c) | a) | |
| Próþíókónasól | b) | c) | a) | Skal eingöngu greina í og á paprikum og hveiti árið 2024; í og á höfuðkáli, salati, tómötum, höfrum og byggi árið 2025; í og á gulrótum, laukum, rúgi og brúnum hrísgrjónum árið 2026. |
| Pýmetrósín | b) | c) | | Skal eingöngu greina í og á eggaldinum, melónum og paprikum árið 2024; í og á höfuðkáli, salati, jarðarberjum, spínati og tómötum árið 2025. Ekki skal greina það í eða á neinni afurð árið 2026. |
| Pýraklóstróbín | b) | c) | a) | |
| Pýridaben | b) | c) | a) | |
| Pýridalýl | b) | c) | a) | |
| Pýrimetaníl | b) | c) | a) | |
| Pýriproxýfen | b) | c) | a) | |
| Kínoxýfen | b) | c) | a) | |
| Spínetóram | b) | c) | a) | |
| Spínósað | b) | c) | a) | |
| Spíródíklófen | b) | c) | a) | |
| Spírómesífen | b) | c) | a) | |
| Spíroxamín | b) | c) | a) | |
| Spírótetramat | b) | c) | a) | |
| Súlfoxaflór | b) | c) | a) | |
| Táflúvalínat | b) | c) | a) | |
| Tebúkónasól | b) | c) | a) | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Tebúfenósíð | b) | c) | a) | |
| Tebúfenpýrað | b) | c) | a) | |
| Teflúbensúrón | b) | c) | a) | |
| Teflútrín | b) | c) | a) | |
| Terbútýlasín | b) | c) | a) | |
| Tetrakónasól | b) | c) | a) | |
| Tetradífón | b) | c) | a) | |
| Þíabendasól | b) | c) | a) | |
| Þíaklópríð | b) | c) | a) | |
| Þíametoxam | b) | c) | a) | |
| Þíódíkarb | b) | c) | a) | |
| Þíófanatmetýl | b) | c) | a) | |
| Tólklófosmetýl | b) | c) | a) | |
| Tríadímefón | b) | c) | a) | |
| Tríadímenól | b) | c) | a) | |
| Tríasófos | b) | c) | a) | |
| Trísýklasól | | | a) | Skal eingöngu greina í og á brúnum hrísgrjónum árið 2026. |
| Trífloxýstróbín | b) | c) | a) | |
| **Tríflúmísól** | b) | c) | a) | |
| Tríflúmúrón | b) | c) | a) | |
| Vínklósólín | b) | c) | a) | |
| **Soxamíð** | b) | c) | a) | |

D-HLUTI

**Samsetningar af varnarefnaleifum og vörum sem ber að greina í eða á vörum úr dýraríkinu**

| | 2024 | 2025 | 2026 | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|
| Aldrín og díeldrín | d) | e) | f) | |
| Bífentrín | d) | e) | f) | |
| Klórdan | d) | e) | f) | |
| **Klórmekvat** | | e) | f) | Skal eingöngu greina í og á kúamjólk árið 2025; í og á nautgripalifur árið 2026. |
| Klórpýrifos | d) | e) | f) | |
| Klórpýrifosmetýl | d) | e) | f) | |
| **Koparefnasambönd** | d) | e) | f) | |
| Sýpermetrín | d) | e) | f) | |
| DDT | d) | e) | f) | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Deltametrín | d) | e) | f) | |
| Díasínón | d) | e) | f) | |
| Endósúlfan | d) | e) | f) | |
| Famoxadón | d) | e) | f) | |
| Fenvalerat | d) | e) | f) | |
| Fípróníl | d) | e) | f) | |
| Glúfosínatammóníum | d) | e) | f) | |
| Glýfosat | d) | e) | f) | |
| Heptaklór | d) | e) | f) | |
| Hexaklóróbensen | d) | e) | f) | |
| Hexaklórósýklóhexan (HCH, alfa-hverfa) | d) | e) | f) | |
| Hexaklórósýklóhexan (HCH, beta-hverfa) | d) | e) | f) | |
| Indoxakarb | | e) | | Skal eingöngu greina í og á kúamjólk árið 2025. |
| Lindan | d) | e) | f) | |
| **Mepíkvat** | | e) | f) | Skal eingöngu greina í og á kúamjólk árið 2025; í og á nautgripalifur árið 2026. |
| Metoxýklór | d) | e) | f) | |
| Paraþíón | d) | e) | f) | |
| Pendímetalín | d) | e) | f) | |
| Permetrín | d) | e) | f) | |
| Pírimífosmetýl | d) | e) | f) | |

*II. VIÐAUKI*

**Fjöldi sýna sem um getur í 1. gr.**

1) Lágmarksfjöldi sýna sem skal taka úr hverri vöru og greina með tilliti til varnarefna sem eru skráð í I. viðauka er settur fram í 5. lið.

2) Til viðbótar við þau sýni sem krafist er í samræmi við 5. lið:

— hvert aðildarríki skal taka og greina tíu sýni úr unnum barnamat með korn sem uppistöðu árið 2024,

— hvert aðildarríki skal taka og greina tíu sýni úr matvælum fyrir ungbörn og smábörn árið 2025, öðrum en ungbarnablöndu, stoðblöndu og unnum barnamat með korn sem uppistöðu.

— hvert aðildarríki skal taka og greina fimm sýni úr ungbarnablöndum og fimm sýni úr stoðblöndum árið 2026,

3) Sýni úr vörum sem eru upprunnar úr lífrænum búskap skulu tekin, eftir því sem unnt er, í hlutfalli við markaðshlutdeild þessara vörutegunda í hverju aðildarríki, eitt sýni að lágmarki.

4) Aðildarríki sem nota aðferðir til að finna margs konar efnaleifar mega nota eigindlegar aðferðir til skimunar á allt að 15% af sýnum sem eru tekin og greind í samræmi við 5. lið. Ef eigindlegar aðferðir til skimunar eru notaðar skal greina öll önnur sýni með megindlegum aðferðum til að finna margs konar efnaleifar.

Ef niðurstöður úr eigindlegum aðferðum til skimunar eru jákvæðar skulu aðildarríkin nota venjulega markaðferð til að magngreina niðurstöðurnar.

5) Lágmarksfjöldi sýna á ári af hverri vöru:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **BE** | **15** | | **LT** | **12** |
| **BG** | **15** | | **LU** | **12** |
| **CZ** | **15** | | **HU** | **15** |
| **DK** | **12** | | **MT** | **12** |
| **DE** | **106** | | **NL** | **20** |
| **EE** | **12** | | **AT** | **15** |
| **IE** | **12** | | **PL** | **51** |
| **EL** | **15** | | **PT** | **15** |
| **ES** | **55** | | **RO** | **22** |
| **FR** | **78** | | **SI** | **12** |
| **HR** | **12** | | **SK** | **12** |
| **IT** | **75** | | **FI** | **12** |
| **CY** | **12** | | **SE** | **15** |
| **LV** | **12** | | **UK(NI)** (1) | **12** |
| **HEILDARFJÖLDI SÝNA: 683** | | | | |

(1) Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, gildir þessi reglugerð um og í Breska konungsríkinu að því er varðar Norður-Írland.